

**ÍVAR VALGARÐSSON  
ERLA ÞÓRARINSDÓTTIR  
JÓN ÓSKAR  
HALLDÓR ÁSGEIRSSON  
KEES VISSER  
SVERRIR ÓLAFSSON  
HULDA HÁKON  
HANNES LÁRUSSON  
BIRGIR ANDRÉSSON**

**KJARVALSSTAÐIR 4. JÚLÍ—19. JÚLÍ 1987**

# SVARTA SKÝIÐ

Allt frá upphafi móðernisma hefur frelsi listamannsins falist í því „að finna sig“ inn í völundarhúsi hugans. Þessi innhverfa upplifun hefur svo verið skjalfest í margvíslegu pati listamannsins. Þat sem svo hefur verið fóðrað með því að í því felist kristöllun mannlegrar tjáningar og tungumáls, og sé því guðdómleg samsuða úr sameiginlegum raunveruleika allra manna. Nú á tímum, þegar móðernisminn er að syngja sinn svanasöng, er svo komið að þetta pat er nánast orðið algerlega sjálfvirkt fálm og málatilbúnaðurinn í kringum það að sama skapi storknaðar endurtekningar. Með ördum orðum frelsisþrá listamannsins hefur komið honum í sjálfheldu þar sem hann stendur frammi fyrir þeim vanda að vera bæði að tapa sjónum af sjálfum sér í innhverfu rugli og hinni daglegu veröld í einhæfri sjálfvirkni. Hin móðerníska blinda leggst æ þyngra á listamenn okkar tíma. Endalok móðernisma geta því borið að með tvennum hætti, annað hvort endað á svörtum vegg eða með því að horft verði svo fast að séð verði í gegnum brögd og tálmýndir móðernismans, — og svarta skýið sem sækir fram á augum nútíma (lista)mannsins láti undan síga fyrir sól nýrra sjónarmiða.

Eitt höfuð einkenni Íslenskrar menningar er að hún hefur að mestu leyti orðið til og farið fram utan eiginlegra stofnana. Vaxtarbroddur hennar hefur jafnan fundið sér leið ýmist í mannlegu návígi og þefvísi ættarsamfélagsins eða í nálægð við jörðina, náttúruna í landinu. Íslensk menning hefur alla tíð farið fram frá manni til manns. Hinn brjóstvísi Íslendingur gat (getur) lesið bækur, landið og hvern annan. Hæfni til að lesa menn og land með tilliti til fróðleiks er enn einkenni hins fróða eða „menntaða“ Íslending. Það sem er hér, nánast við tærnar, er það sem Íslendingar eru fyrst og fremst uppteknir af. Töfrar þeirra hafa fram að þessu einkum falist í því hversu jarðneskir og bundnir líkamanum þeir eru. Þetta stig (þ.e. stig „jarðmenningar“) þar sem lestrarkunnátta er höfuðdyggð er jafnframt markað skammsýni, og virðist því oft samtímis ólga af lífi og fjöri, og sjálfstortímingu. Íslendingar lesa hlutina, fyrir þeim er allt sem opin bók, og þannig sjá þeir þá fyrir sér. Ekki sem „mynd“ heldur sem „bók“. Þess vegna er

Íslendingum það að lesa myndir, myndlestur, nær lokuð bók. Myndlestur útheimtir ekki bara getu til að lesa stafróf sýnarinnar („mynda“) heldur þarf líka að koma til innsýni, þ.e. kunnátta til að sjá í gegnum það sem séð er (myndina), sjá jafnframt það sem býr að baki, beinagrind eða innviði (ýmist í tæknilegum, sögulegum og hugmyndalegum skilningi) sýnarinnar.

Helstu forsendur myndvísi eru þroskaðar stofnanir. Felst þetta í því að upplifun og skilningur á mynd og stofnun eru af sama toga. Hvorki mynd né stofnun er öll þar sem hún er séð. Skilningur hins lesvísa manns nær einungis til þess sem hann sér, en hann sér ekkert skýrt fyrir sér „handan“ þess. Mynd er einungis hægt að „lesa“ út frá bakgrunni tiltekinna stofnana. Vanþroskaðar eða spilltar stofnanir gefa aðeins færi á grunnhyggnum lestri mynda. Flestar stofnanir á Íslandi og meðvitund manna um þær (stofnun byggir á sameiginlegri meðvitund um einskona „sáttmála“ eða hugmyndakerfi) eru mjög skammt á veg komnar. Þær stofnanir sem þó hafa tekið út hvað mestan þroska, og eru því mestir áhrifavaldar á Íslenskt þjóðlíf um þessar mundir, eru þær sem grundvallaðar eru á „yfirsýn“ yfir byggðapróun, möguleika á landnýtingu o.s.frv., og þær sem byggja á „innsýn“ í skoðanamyndandi og félags- og einstaklingsmótandi öfl. Hér er um að ræða það sem kalla mætti verk- og félagsfræði valdastofnana samfara uppgangi fjölmiðla. Nú um skeið hefur Íslenskt samfélag smám saman verið að próast af jarðmenningarstiginu, þar sem lestrarkunnátta er í hávegum höfð, yfir á stig þar sem stofnanir taka æ meira við af frá-manni-til-manns aðferðinni, stig „innsýnar“ og „yfirsýnar.“ Frá skammsýni í átt til fjarsýni. Frá einstaklingsbundinni fróðleiksöflun til yfirvegunar á þeim fróðleik sem fyrir liggur.

Hver er þá staða Íslenskrar myndlistar við þessar aðstæður? Hreint út sagt er eini fasti punkturinn og eina viðmiðunin sem hinn almenni listunnandi hefur í listnautn sinni, og í auknum mæli listamennirnir sjálfir í iðju sinni, upplýsingar og umfjöllun dagblaða og annarra fjölmiðla um (mynd)list. Og er í rauninni orðin eina viðmiðunin sem um er að ræða í Íslenskri menningu (og hvað varðar myndlist), hvort heldur er sem bakgrunnur



myndlestrar (listrænnar upplifunar) eða menningarlegs mats (styrkveitingar, listaverkakaup, o.s.frv.) En á sama tíma og uppgangur fjölmiðla-/auglýsinga/(vitundar) iðnaðarins hefur verið hvað mestur, undanfarin 10 ár, hafa (aðrar) stofnanir myndlistar, Listasafn Íslands (og flest önnur listasöfn), Myndlista- og handiðaskóli Íslands (og aðrir myndlistarskólar) og Háskóli Íslands (hvað snertir rannsóknir á íslenskri (mynd)list) staðið í stað eða farið aftur. Og nú er ástandið þannig að engin þessara stofnana hefur bolmagn (t.d. hvað varðar upplýsingamiðlun) eða traust til þess að amla á móti listvél fjölmiðla. Ófræðileg, ólistræn og ábyrgðarlaus umfjöllun (nema vera skyldi gagnvart mögulegum hagnaði á fáfræði kaupandans/neytandans) er æðsti dómstóll í listum á Íslandi í dag. Eitt aðal efnid í svarta skýinu sem sækir að augum listamannanna (og annarra manna) er slaukin stýring fjölmiðla (auðvitað sem hluti af alþjóðlegu neti og hagsmunum) á almennum hugsunarhætti, lífsyni og listbrögðum.

Um þessar mundir eru fjölmiðlar öflugasta og augljósasta „stofnun“ samfélagsins og ein þeirra stofnana sem réttlætjanlegt er (út af miklum völdum og tilviljunarkenndri beitingu þeirra), og nánast óumflýjanlega nauðsynlegt, að takast á við á meðvitaðan hátt. Vöntun á forsendum „stofnagreiningar“ á Íslandi er fullnægt með uppgangi fjölmiðla. Meðal annarra orða, uppgangur fjölmiðla knýr „meðvitaða“ listamenn til að taka alvarlega tillit til eðlis og umfangs þeirrar umræðu sem þeir **búa til**. En einmitt með þessari vitund um afl fjölmiðla verða listamenn eins og „ósjálfrátt“ þjóðfélagslegir í listsköpun og listalífi sínu. Þ. e. a. s. þeir skynja sjálfa sig og list sína í víðara samhengi og að einhverju leyti þau öfl sem eins og taka þátt í „sköpun“ þessarar listar. Listamenn verða varir við að (proskaðar) stofnanir hafa völd og að þetta vald er eitt þeirra afla sem koma þeirra eigin list í kring. Sem dæmi um þessa nýju meðvitund, eða oft undirlægjuhátt listamanna, er að í auknum mæli hugsa þeir sig tvisvar um áður en þeir lýsa yfir að „vald listsköpunarinnar er í mér sjálfum, frjálsum og óháðum listskapandanum.“ Líklegra er nú að þeir lýsi sig háða valdakerfi sem þeir ráða ekki við, „skilja“ ekki en skynja þó að

þeirra eigin sköpun sé allt að því sköpuð af á sjálfvirkan hátt; — og einmitt þess vegna eru þeir ragir við að ganga í berhögg við eða styggja þetta utanaðkomandi vald eða afl listalífsins. Undirlægjuháttur og þægð listamanna á Íslandi í dag er til marks um að þeir eru hægt og bitandi að verða uppvisir um þessi „ósýnilegu utanaðkomandi“ öfl í listum og lífi. Með því að íslenskir listamenn komast að raun um að þeir sjálfir öðlast einhverskonar yfirnáttúrulegan styrk með því að beygja sig undir utanaðkomandi öfl (sem þeim sjálfum finnst stundum hljóti að vera ósigrandi „náttúruöfl“) eru þeir á sinn hátt að tilkynna að „ég er að verða þjóðfélagslega meðvitaður í listsköpun og lífern mínu.“ Samfara þessu standa íslenskir listamenn nú frammi fyrir því að **hnoðið** (hnoð=kitsch) er að grípa heljartökum á lista- og menningarlífinu.

Hnoð er alþjóðlegt fyrirbæri en margt bendir til þess að fágun þess og þroski sé nátengdur uppgangi stórtækari „upplýsingamiðlunar“ og eigi rætur að rekja til aukinnar aðlögunar tiltölulega margþættra fyrirbæra (svo sem listir og vísindi) að tiltölulega einhæfum og takmörkuðum möguleikum þessara upplýsinga dreifikerfa/fjölmiðla. Þar sem fjölmiðlar hafa náð vissum þroska (ef til vill eru þeir víða þegar búnir að taka út mögulegan þroska sinn, og „þróun“ þeirra hér frá verði því fremur af toga aukinna umsvifa og ofbeldis en aukinna „gæða“ á upplýsingadreifingu) virðist því hnoð gera vart við sig með áþekktum sjúkdómseinkennum í menningarlífinu.

1) Hnoð byggir umfram allt á sjálfvirkri sköpun. Reynt er að gera storknuð viðhorf og hugsanatengsl að „fjölbreytileika listarinnar.“ Í sjóði storknaðra hugsunarháttar er t.d. að finna hugmyndirnar um „frumleikann“, þetta „listræna“, þetta „mannlega“, þetta „óvænta“ og „krassandi“ (þetta sem „hristir upp í“ listvinum), o.fl., o.fl., ásamt steinrunnu og hugsunarlausu orðfæri í tal- og ritmáli. Í rauninni er það ein aðal sjónhverfing hnoðs að sýnast slungt, „nýtt“, í stöðugri endurnýjun og framfarasinnað. En hnoð keppist raunar við að viðhalda „óbreyttu ástandi“ sem oft er látið líta út fyrir að sé í hag „menningarinnar“, sem

oftast eru ekkert annað en einstaklingsbundnir stundarhagsmunir.

2) Hnoð ýjar jafnan að því að „þú“ (neytandinn) sért æðsti dómari varðandi gæði og gildi umrædds fyrirbæris. (Einkum á þetta við um listir, „sérfraði“ af vissri gerð er hnoð sem fremur einkennir „vísindi.“) Þ. e. a. s. svo er látið lífa út fyrir að þekking, hvort heldur söguleg, tæknileg eða fagleg sé aukaatriði. Þetta „þekkingarleysi“ sem þungamiðja og grundvöllur listalífs er áberandi þar sem vöxtur og þroski fjölmiðla hefur verið mikill samfara þverrandi afli raunverulegra menningarstofnana. En menningarstofnunum (burtséð frá tengslum þeirra við ríkjandi valdastéttir) hefur í raun verið komið á fót til þess að varðveita og skilgreina, í nýju og nýju sögulegu ljósi, hvað sé „þekking“ innan lista og hvert keppikefli og mikilvægi menningar sé yfirleitt. Fjölmiðlar hafa þegar öllu er á botninn hvolft enga möguleika, hvorki tæknilega né menningarlega, á að uppfylla þessa kröfu um varðveislu þekkingar.

Aftur á móti koma fjölmiðlar ef til vill að nokkru haldi við mat á einkennum á lífsstíl einstaklinganna. Menning sem enn er meira og minna „frá manni til manns“ eins og sú íslenska hefur eðlilega talsverðan áhuga á fróðleiksmolum þeirra. „Stofnana þjóðfélög“ sækja vísu sína aftur á móti til stofnana sem hafa yfirsýn eða innsýn á stefnuskrá sinni. Ekkert er því þó til fyrirstöðu að í hvaða þjóðfélagi sem er séu fjölmiðlar notaðir sem skálkaskjól „þekkingarleysis;“ þó óviða sé trúlega gerð jafn alvarleg tilraun til að grundvalla á því lista- og menningarlíf þjóðar eins og Íslendingar virðast nú vera að reyna.

3) Við óheftan og að lokum sjálfsviðhaldandi uppgang hnoðs er óhjákvæmilegt að tengsl rofni við „þjóðarsálina.“ Þ. e. a. s. hnoðið kippir smám saman fótunum undan því sem nefna má staðbundna menningu. Verklag, verk hugsun og útsýn yfir það samfélag sem er hér þverr, menn verða áttavilltir innan eigin menningar. Í staðinn vex upp, a.m.k. að vissu marki, menning hnoðsins, alþjóðleg og frískleg á yfirborði, sem gerir út á storknaðar hugsanir; „land elds og ísa,“ „sögueyjan,“ o.s.frv.

Hnoðmenning gerir á endanum mannlegt líf að martróð þar sem þekking, verksvit og innsýn verða óþarfir kostir eða jafnvel lestir. En sjálfvirkur kjaftagangur og upplifun á þessum sama kjaftagangi verður eitthvað sem enginn má vera án svo hann megi vera með á nótunum í paradís hnoðsins þar sem allt er svo listrænt ef það þá hristir ekki þínulítið upp í okkur.

Spurningin sem snýr að listamönnum og listvinum er einföld: Hvað er hægt að gera til að forða listinni frá þeim örlögum að lokast inni í listaheiminum þar sem svart ský byrgir brátt sólsýn, og vísa henni á braut aukinna landvinninga í veruleikanum; hvort heldur þau liggja í afkimum hugans eða rétt fram við tærnar þar sem listamenn og listunnendur leiðast í gegnum daglega lífið?

**Hannes Lárusson,**  
júni 1987.





# ÍVAR VALGARÐSSON

## **Einkasýningar/ One-man shows**

- 1980. Gallirí Gangur, Reykjavík.
- 1980. Ásmundarsalur, Reykjavík.
- 1983. Gallirí Gangur.  
Nýlistasafnið, Reykjavík.
- 1984+1987. Kjarvalsstaðir, Reykjavík.

## **Samsýningar/ Group shows**

- 1974+1976. Austurstræti, Listahátíð í Reykjavík, útisýning  
Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík.
- 1978. Ásmundarsalur, Listahátíð í Reykjavík.
- 1979. Kjarvalsstaðir: Sumar á Kjarvalsstöðum.  
1979. Gallery SÚM, Reykjavík.
- 1980. Korpúlfsstaðir, Listahátíð í Reykjavík.
- 1980. Korpúlfsstaðir, Experimental Environment, samnorrræn  
úti og inni sýning.
- 1983. Museum Fodor, Amsterdam, YFIR HÁDEGISBAUGINN,  
sýning á vegum Nýlistasafnsins.  
1983. Gallirí Gangur.
- 1984. Listasafn Íslands, 14 myndlistarmenn.  
1984. Nýlistasafnið.
- 1987. Nýlistasafnið, safnsýning.
- 1987. Kunsthallen Brandts Klædefabrik, Óðinsvéum, Danmörku,  
STREFI gennum nordisk skulptur.
- 1987. Kjarvalsstaðir, Íslensk Abstraktlist.  
1987. Kjarvalsstaðir, Reykjavík.

## **Verk í eigu/ Collections**


- Norðurlandahúsið í Þórshöfn, Færeyjum.
- Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Keflavíkurflugvelli.  
Listasafn Íslands.

IVAR VALDARSSON



ÁN TITILS  
1987  
172x116x25  
STEINSTEYPA

# ERLA ÞÓRARINSDÓTTIR




„PÍANÓ, PRÓFÍLL“

1987

137x71x15

STEINSTEYPA



„ÁN TITILS“  
1987  
110x155x14  
STEINSTEYPA



# ERLA ÞÓRARINSDÓTTIR

## **Einkasýningar/ One-man shows**

1982. Suxsex (með K. Swane). Galleri Forum, Stokkhólmi.  
1983. Urbilder, efterkrigsbilder. Barbar, Stokkhólmi.  
1983. Myndir. Nýlistasafnió, Reykjavík.  
1984. The Red Sea paintings show. Eastman Wahmendorf gallery,  
New York.  
1986. Aanden er lös. World's End, Kaupmannahöfn.  
1986. Gallerí Borg, Reykjavík.

## **Samsýningar/ Group shows**


1983. UM-sýningin. Kjarvalsstaðir, Reykjavík.  
1983. Ungt svenskt avantgarde. Skaanska Konstmuseet/Pictura, Lund.  
1983. Ricochet, 25 peintres et David Bowie. Gallerie Creatis, Paris.  
1984. Málverk, ung ísländsk konst. Lunds Konsthall, Lund.  
1984. Contemporary Jewellery. Modern Museum of art, Tokyo, Kyoto.  
1984. L' esprit du Nord. Espace Da et Du, Paris.  
1985. Freddy the dreamer gallery, New York — various shows.  
1985—7. From Miklatún to Manhattan. Farandsýning um Norðurlönd.  
1987. Kjarvalsstaðir, Reykjavík.

## **Verk í eigu/ Collections**

Reykjavíkurborg  
Flugleiðir  
Landspítalinn

ERLA-ÞÓRARNSDÓTTIR





EVERYBODY

dancing in their own shoes


WHO

Don't SCARE ME NOW

Be mine

You ↑

all this asking you



Answering nothing



Hleðti ég þröggað manni mitt

Blindur og Astfangin

Vit verjum st kennu þeim sjórudi  
st sjá, þá blindu

It is only music that can transform  
the worthless, to priceless

# JÓN ÓSKAR

## **Einkasýningar/ One-man shows**

1984. Kjarvalsstaðir, Reykjavík Ísland.  
1983. Gallery " ", New York,  
1983. Kaplakrúki, Hafnarfjörður Ísland.

## **Samsýningar/ Group shows**

1987. Borealis 3, Malmö Konsthall, Svíþjóð.  
Ljubljana Biennial, Ljubljana, Júgóslavía.  
Graphica Atlantica, Kjarvalsstaðir, Reykjavík Ísland.  
1986—7. From Miklatún to Manhattan. Farandsýning um Norðurlönd.  
Kjarvalsstaðir, Reykjavík, Ísland.
1986. Galleri Lækjarfit, Garðabæ, Ísland.  
Krakow Biennial, Krakow, Póllandi.  
Katowice Biennial, Katowice, Póllandi.  
Bradford Biennial, Bradford, Englandi.
1985. Nico Smith Gallery, New York, USA.  
Downtown Beirut, New York, USA.  
Mo David Gallery, New York, USA.  
ST. Marks Gallery, New York, USA.  
Ammo Gallery, New York, USA.
1983. Visual Arts Gallery, New York, USA.  
Gallery " ", New York, USA.  
Cul-Des-Sarts, Couvin, Belgíu.  
Kyoto Museum of Art, Kyoto Japan.
1983. Visual Arts GALLERY, New York USA (febrúar).  
Visual Arts Gallery, New York USA (apríl).  
Kyoto Museum of Art, Kyoto Japan.
1981. Kyoto Museum of Art, Kyoto, Japan.

## **Verk í eigu/ Collections**

- Listasafn Íslands, Reykjavík  
Listasafn Reykjavíkurborgar, Reykjavík  
Francis Criss Foundation, New York  
Kyoto Museum of Art, Kyoto











# HALLDÓR ÁSGEIRSSON

## **Einkasýningar/ One-man shows**

- 1981. Gallerí Suðurgata 7, Reykjavík.
- 1982. Nýlistasafnið, Reykjavík.
- 1982. Rauða húsið, Akureyri.
- 1985. Nýlistasafnið, Reykjavík.
- 1986. Gallerí Slunkaríki, Ísafirði.
- 1987. Nýlistasafnið, Reykjavík.
- 1987. Theatre Arcane, París, Frakklandi.
- 1987. Brandts Klædefabrik, Kunsthallen, Óðinsvéum, Danmörku.

## **Helstu samsýningar/ Group shows**


- 1980. Gallerí Kanal 2, Kaupmannahöfn, Danmörku.
  - 1981. Bergens Kunstforening, Bergen, Noregi.
  - 1981. Trondhjems Kunstforening, Trondheim, Noregi.
  - 1985. Nordisk Konstcentrum, Helsinki, Finland.
  - 1985. Centre Nationale des Arts Plastiques, París, Frakklandi.
  - 1986. Gallerí Lövenadler, Stokkhólmi, Svíþjóð.
  - 1987. Festival Internationale du Dessin Contemporain, Grand Palais, París, Frakklandi.
  - 1987. Galerie L'autre Rive, París, Frakklandi.
  - 1987. Kjarvalsstaðir, Reykjavík.
- ## **Innisetningar/ Installation**
- 1982. Gallery " ", New York, U.S.A.
  - 1983. Úlfarsfell austan við Reykjavík
  - 1983. Oeys etalage, Amsterdam, Holland.
  - 10 performanses 1981—'86

## **Kvikmyndir/Filma**

- 1978. „Svört gríma“, París-Reykjavík. (Super 8. 35 mín.)











# KEES VISSER


## **Samsýningar/ Group shows**

1974. Frans Halsmuseum, Haarlem, Holland.  
1975. Frans Halsmuseum.  
1976. Frans Hals Museum.  
1978. Gallery Súm.  
1979. Kjarvalsstaðir.  
1980. Korpúlfstaðir: Experimental Environment II.  
1983. Galleri "A" Amsterdam.  
1984. Franklin Furnace, New York.  
Kulturhaus Palazzo, Liestal, Sviss.  
1985. Minibuchpressemesse, Mainz, V-býskaland.  
Nýlistasafn, Reykjavík.  
1986. Nýlistasafn, Reykjavík.  
Gallerie Trajekt, Utrecht, Holland.  
1987. Koninklijke Akademie, Den Haag, Holland.  
Art Centre, Turku, Finland.  
Rauma Museum, Rauma, Finland.  
Graphic Bienale, Kjarvalsstaðir.  
Group exh. Kjarvalsstaðir.


## **Einkasýningar/ One-man shows**

1976. Gallerí Súm, Reykjavík.  
1978. Gallerí Súm, Reykjavík.  
1980. Gallery Lóa, Amsterdam.  
Gallery Gangurinn, Reykjavík.  
1981. Rauða Húsið, Akureyri.  
1982. Nýlistasafnið, Reykjavík.  
Gangurinn, Reykjavík.  
1983. Gallery Pieter Brattinga, Amsterdam.  
1985. Gangurinn (ásamt Péttri Magnússyni).  
1987. Nýlistasafn, Reykjavík.









# SVERRIR ÓLAFSSON

Árlegar ferðir til Bandaríkja Norður-Ameríku, síðan 1970. Ferðir til eftirtalinna ríkja, á síðastliðnum 15 árum: England, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Holland, Belgía, Sviss, Austurríki, Júgóslavía, Kanada, Noregur, Svíþjóð, Danmörk, Færeyjar.

## **Einkasýningar/ One-man shows**

Fyrsta einkasýning, FÍM. Galleríð 1979.

Einkasýning í Englandi 1982.

Einkasýning á Kjarvalsstöðum 1984.

Einkasýning Gallerí Grjót 1987.

## **Samsýningar/ Group shows**

Alþjóðlegi Rostock Biennialinn, 1979 og 1984.

Allar samsýningar Myndhöggvarafélagsins síðan 1978.

Listahátíð í Reykjavík: 1979-1981-1983.

Samsýningar FÍM á Kjarvalsstöðum, haustsýningar.

Sýningar 1978 og 1979.

Sýning í Listasafni Alþýðu 1986. Kjarvalsstaðir 1987. Og margar fleiri.

## **Verk í eigu/ Collections**

Listasafn Íslands

Listasafn Reykjavíkurborgar


Listasafn Akranesskaupstaðar

Seltjarnarneskaupstaður. „Valhúsaskóli“

Verk í eigu einkasafna í Englandi og Bandaríkjunum, auk Kanada


Verk í eigu margra einkasafna á Íslandi

Listasafn Kópavogs



Multi sisters





Weird?

Sword



# HULDA HÁKON

## **Einkasýningar/ One man shows.**

1987. Gallerí Svart á hvítu Reykjavík.

1985. 13th Hour Gallery, New York.

1984. Kaplakriki v/Hafnarfjörð.

1983. Visual Arts Gallery, New York.

## **Samsýningar/ Group shows**

1986—7 From Miklatún to Manhattan. Farandsýning um Norðurlönd.

1986. Gallerí Svart á hvítu. Gerðubergi, Reykjavík. Gallerí Borg, Reykjavík. Freddie the Dreamer, New York. Phoenix City Gallery New York.

1985. No David Gallery, New York. St Marks Gallery, New York. Downtown Beirut, New York. Freddie the Dreamer, New York. Nico Smith Gallery, New York. Kjarvalsstaðir, Reykjavík. Ammo Gallery, New York.

1983. Gullströndin andar Reykjavík, Gallery " "; New York.

1982. Nýlistasafnið (performance). Hotel Borg (performance). Félagsstofnun stúdenta (performance).

## **Verk í eigu/ Collections**

Reykjavíkurborg





HUN DANSADI  
1985

OG JAFN

VEL FOTT HUN HAFI

KOMU

SKRINGILEGA ÞEGAR  
H.HAKUJ

ÞANGAR

LEIÐ HENNA

RALLA  
KIDNUM

It is nice to sit by the ocean and look at the seal. It keeps its distance and looks you straight in the eye.

Sometimes I get frustrated and have a guilty feeling.

Down on Wall Street I met an old soldier. He told me that he was trained to know a certain area in the Northern Hemisphere like the palm of his hand. If there was a war he could go there and know every little detail. He was never told where this place is.

If you want to be invisible you take the first egg of a hen, take a strand from your hair and lay it over the egg. Put the hen on the egg and wait for five days. On the fifth day you will find a dead chicken beneath the hen and if you carry it on your person you will be invisible.

In New York I'm nostalgic towards Iceland.

In Iceland I'm nostalgic towards New York. It disturbs me.

I'm in love with the singer in the rock group Big Country.

Heidi Berlin, my beautiful German shepherd, used to stay up late watching me work. Sometimes I wondered about her opinion of my art. You can never tell.

The drift ice that comes from the Arctic is beautiful, but its turquoise colour is not convincing.

I like sitting by the window at Live Café when it's raining. You can look at all those people rushing someplace and you just sit there sipping your coffee, totally alone in the world.

In Iceland that kind of activity is impossible. You know too many people.

My grandmother told me to keep quiet around certain stones on her farm. I was not to disturb the elves.

On the farm there was a sheep. Its name was Grána. It was mean and whenever it got the opportunity it tried to butt me.

I know about a sculptor who uses the earth as his

mould. He digs into the ground and fills the holes with concrete. Sometimes he is too enthusiastic and winds up having such heavy pieces that he can't lift them up. His back-yard has several sculptures like that, hidden in the ground.

Cats in New York do not understand me when I try to contact them in Icelandic by saying „kis-kis“. They are precious and want you to go out of your way to speak in a whining, pretentious kind of voice. "Here pussy-puss".

I'm making a picture of the world's strongest man. He is Icelandic and he is gorgeous. This chicken in Chinatown lives in a small cage. If you put a quarter in a slot on its cage it dances for your pleasure.

It's not nice.

I think I'm dancing as fast as I can

I think something went wrong in my mind that day when the US bombed Tripoli. The Icelandic broadcasting service plays a silly little tune before each newscast. Ever since I get a strange sensation in my stomach when I hear that tune.

The Manhattan skyline is among the most beautiful thing I have ever seen.

In New York I had my studio in an old boiler.

In Iceland I have my studio in an old freezer.

Once I saw an exhibition in SoHo. Plastic tubes hanging on the wall filled with water. Hundreds of goldfish swimming back and forth inside.

If you want to understand bird's song you take the tongue from a falcon and soak it in honey for 48 hours. Then you take the falcon-tongue and place it beneath your tongue. Keep it there for three nights in a row.

My friend's cat stopped eating and looked depressed so he took it to an animal-psychoanalyst. The analyst said that the cat was depressed because it did not have enough company.

Hulda Hákon

það er gott að sitja við sjóinn og horfa á selina. Þeir stara á mann og varast að koma of nálægt. Stundum líður mér illa og fæ sektarkennd. Einu sinni hitti ég gamlan hermann. Það var á Wall Street. Hann sagði mér frá því að þjálfun hans hafi miðast við að geta unnið á tilteknum stað á norðurhveli jarðar. Hann lagði á minnið hverja þúfu. Ef stríð brytist út átti hann að fara þangað. Hann veit ekki hvar þessi staður er. Ef maður vill vera ósýnilegur. Taktu hárfur höfði þínu og leggðu það yfir fyrsta egg hænu. Eftir þrjú daga muntu finna dauðan unga undir hænunni. Ef þú gengur með hann á þér ertu ósýnilegur. Eg sakna Islands í New York. Eg sakna New York á Íslandi. Það trufar mig. Eg er skotin í söngvaranum í Big Country. Heiða Berlin fallegi hundurinn minn. Hún sat oft hjá mér á nóttunni og fylgdist með mér vinna. Kannski hafði hún einhverja skoðun á verkunum. Maður veit aldrei. Ísinn sem kemur norðan úr Íshafi er fallegur en mér finnst þessi grænblá litur dálítið gervilegur. Það er gott að sitja við gluggann á Life Café þegar það rignir. Eg drekk kaffið í rólegheitum og horfi á fólkio fyrir utan flyta sér. Ein í heiminum. Á Íslandi er ekki hægt að sitja á kaffihúsum ein í heiminum. Eg þekki of marga. Amma sagði mér að hafa ekki hátt í kringum Gráa steina. Eg mátti ekki truffa álfana. Heimalningurinn á bænum hét Grána. Eg var hrædd við hana. Hún reyndi oft að stanga mig. Eg hef heyrt um

myndhöggvara sem grefur mót í jörðina og steypir í þau. Stundum er hann of ákafur og býr til svo stórt verk að hann nær þeim ekki upp. Þau liggja föst í garðinum hans um aldur og ævi. Í New York skilja kettir mig ekki þegar ég ávarpa þá á Íslenskur og segi „kis, kis“. Mér finnst þeir vera finir með sig. Þeir ætlast til þess að ég segi í vælulegum tón "here pussy puss". Eg er að gera mynd af sterkasta manni heims. Hann er Íslenskur og hann er fallgur. Í Chinatown er lítill hæna sem býr í búri. Fyrir 25 sent dansar hún mér til skemmtunar. Það er slæmt. Eg held ég geti ekki dansað hraðar. Þegar Bandaríkjamenn vörpuðu sprengjum á Tripoli varð ég hrædd. Á undan fréttum í útvarpi er spilað lítið skrítið lag. Síðan þá líður mér illa þegar ég heyrir lagið. Skýjakljúfarnir á Manhattan eru með því fallegasta sem ég hef séð. Í New York var vinnustofan mín í gömlum kyndiklefa. Á Íslandi er vinnustofa mín í gömlum frystiklefa. Einu sinni sá ég sýningu í Soho. Glær plaströng hengu á veggjunum og hundruð gullfiska syntu innan í. Fram og til baka. Ef þú vilt skilja fulgasöng áttu að leggja fálkatungu í hunang í 48 klukkustundir. Síðan áttu að taka hana og leggja undir þína tungu. Þetta á að gera í þrjár nætur. Köttur vinar minns hætti að borða og virtist vera þunglyndur. Vinurinn fór með hann til dýrasálfræðings. Sálfræðingurinn sagði að kötturinn væri þunglyndur vegna einmanaleika.

Hulda Hákon





POLAR BEAR ON HIS ICEBERG ENJOYING THE VIEW

SUN - WHY LET IT LASTS

IN THE ARCH

PICTURE MADE BY HULDA HAKON IN SPRING 1985

THE




# HANNES LÁRUSSON

## Einkasýningar/ One-man shows

1977. Gallery " ", Iceland.  
1979. Gallerí SG.7, Reykjavík, Iceland.  
1980. Ásmundarsalur, Reykjavík, Iceland.  
1980. Gallerí SG.7, Reykjavík, Iceland.  
1981. Rauða húsið, Akureyri, Iceland.  
1982. The Corridor, Reykjavík, Iceland.  
"Reason through blossom age"  
1982. The Living Art Museum, Reykjavík, Iceland.  
1982—3. The Whitney Studios, New York, U.S.A.  
(Installations I—IV)  
1983. Gallery " ", Iceland. "I have released . . ."  
1983. Gallerí Luði Tyrri, Reykjavík, Iceland.  
1984. Einholt 8, Reykjavík, Iceland.  
„Hin margvíslega meðvitund“  
1984. The Living Art Museum, Reykjavík, Iceland.  
„Það er gott að það eru til listamenn“  
1985. The Living Art Museum, Reykjavík, Iceland.  
1986. Gallerí Slunkaríki, Ísafjörður, Iceland.  
„Leið augans“  
1987. Norræna húsið, Reykjavík, Iceland.  
1987. Brands klædefabrik, Kunsthallen, Odense, Denmark.

## Helstu samsýningar/ Group shows

1978. Gallerí SÚM, Reykjavík, Iceland.  
1979. Experimental Environment II, Iceland.  
1981. Trondhjems Kunstforening, Trondheim, Norway.  
1981. 20 life projects, Stockholm, Sweden.  
1983. Photography as Art, Sveaborg, Finland.  
1983. Kjarvalsstaðir, Reykjavík City Museum, Iceland.  
(„Verið velkomin“)  
1986—7. From Miklatún to Manhattan. Farandsýning um Norðurlönd.  
1987. Kjarvalsstaðir, Reykjavík, Iceland.



**Nafnlaust.** (hluti af 22 mynda röð)  
(S/h ljósmynd af mótuðum sandi, 31 x 20 sm)





**Nafnlaust.** (hluti af 22 mynda röð)  
(S/h ljósmynd af mótuðum sandi, 31 x 20 sm)





**Nafnlaust.** (hluti af 22 mynda röð)  
(S/ñ ljósmynd af mótuðum sandi, 31 x 20 sm)

# BIRGIR ANDRÉSSON

## **Einkasýningar/ One-man shows**

- 1977. Suðurgata 7.
- 1979. Gallery LÓA Amsterdam.
- 1980. Gallery " " "
- 1981. Gallery Gangurinn.
- 1982. Nýlistasafnið.
- 1983. Nýlistasafnið.
- 1986. Nýlistasafnið.

## **Samsýningar/ Group shows**

- 1975. SÚM '75.
- 1976. SÚM '76.
- 1976. Magnús Pálsson, Birgir Andrésson, G. SÚM.
- 1978. 4 Myndlistarmenn, G. SÚM.
- 1979. Around Performans.
- 1981. Experimental Environment II.
- 1982. Gallery Gangurinn.
- 1982. Gullströndin andar.
- 1983. H.M. Kjarvalsstöðum.
- 1984. Þór Vigfússon, Birgir Andrésson, Nýlistasafninu.
- 1987. Kjarvalsstaðir.

## THE MERMAID

It was Friday morn when we set sail  
And we were not far from the land,  
When our captain he spied a mermaid  
so fair  
With a comb and a glass in her hand.

**Chorus: —**

And the ocean waves do roll,  
And the stormy winds do blow,  
And we poor sailors are skipping at  
the top,  
While the land-lubbers lie down below,  
below, below,  
While the land-lubbers lie down below.

Then up spoke the captain of our  
gallant ship,  
And a fine old man was he,  
“This fishy mermaid has warned me  
of our doom,  
We shall sink to the bottom of the sea.”

**Repeat Chorus:**






Then up spoke the mate of our  
gallant ship  
And a fine spoken man was he,  
Saying, "I have a wife in Brooklyn  
by the sea  
And tonight a widow she will be".

**Repeat Chorus:**

Then up spoke the cabin-boy of our  
gallant ship  
And a brave young lad was he,  
"Oh I have a sweetheart in Salem  
by the sea  
And tonight she'll be weeping for me."

**Chorus:**



Then up spoke the cook of our  
gallant ship  
And a crazy old butcher was he,  
"I care much more for my pots and  
my pans  
Than I do for the bottom of the sea."

**Repeat Chorus:**

Then three times 'round spun our  
gallant ship  
And three times 'round spun she,  
Three times 'round spun our gallant  
ship  
And she sank to the bottom of the sea.

**Repeat Chorus:**

\*\*\*\*\*



1987  
Iceland